



## 5. Stjórnarfundur AKÍS 2023 - Fundargerð

**Staður og tími:** Fjarfundur á Zoom, 7. mars 2023 kl. 18:00

**Mættir aðalmenn:** Aðalsteinn Símonarson (AS), Baldvin Hansson (BH), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) og Halldór Jóhannsson (HJ).

**Mættir varamenn:** Sigurjón Andersen (SA).

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson (BÞB) framkvæmdastjóri.

**Fjarverandi:** Sigfús B Sverrisson (SBS) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

---

### 1. Uppgjör 2022

Í efnahagsreikningi sambandsins hefur frá árinu 2019 verið skráð viðskiptakrafa upp á 50 þús. Stjórnin ákvað að afskrifa kröfuna þar sem féð hefur ekki skilað sér.

Framkvæmdastjóri á eftir að klára uppsetningu rekstrarreiknings í samvinnu við bókara og skoðunarmenn eiga síðan eftir að staðfesta ársreikning sambandsins. Að þeirri staðfestingu fenginni mun BÞB senda stjórn reikninginn með tölvupósti til skoðunar og endanlegrar staðfestingar.

### 2. Fjárhagsáætlun 2023

Fyrir liggur yfirfarin áætlun frá síðasta stjórnarfundum sem gerir ráð fyrir rekstrartapi upp á rúmlega 1,2 millj. króna.

Samþykkt að leggja áætlunina fyrir ársþing.

### 3. Ársþing 2023

Síðara fundarboð var sent út s.l. laugardag, 4. mars, tveimur vikum fyrir þing. Með því voru sendar tillögur stjórnar að lagabreytingum.

Staðsetningu þingsins hefur verið breytt og verður það haldið í sal ÍSÍ á 1. hæð að Engjavegi 6. Þingforseti verður Valdimar L Friðriksson frá ÍSÍ.

Ýmis önnur mál sem viðkoma þinginu voru rædd og yfirfarin.

### 4. Önnur mál

Næsti fundur verður haldinn samkvæmt boði formanns.



Akstursíþróttasamband Íslands

Fundi slitið kl. 19.33